
Listiðnsýning á Kjarvalsstöðum

Bandalag kvenna í Reykjavík gengst fyrir sýningu á listiðn íslenskra kvenna að Kjarvalsstöðum, dagana 16.-25. feb.

Þátttakenur í sýningunni verða um 40 konur. Hún verður því mjög fjölþætt. Hér sýna bæði þekktar listakonur og þær, sem aldrei hafa sýnt áður. Sýndur verður ýmiss konar vefnaður, batik og margs konar handíðir, ullar- og tóvinna. Þá verður sýnd leirkerasmíð, gull- og silfursmíði, handofnir og handprjónaðir kjólar o.fl.

Sýningarmunir eru valdir af matsnefnd félagsins Listiðn. Hönnuður sýningarinnar er Gunnar R. Bjarnason leiktjaldamálari.

Þetta verður „lifandi" sýning, þar sem alla sýningardagana verða sýnd einhver vinnubrögð, spuni á rokk og snældu, knipl, vefnaður o.fl.



Ráðherrastólar nefnist þetta verk eftir Hildi Hákonardóttur vefara.

Skemmtiatriði verða flesta sýningardagana. Ólöf Harðardóttir og Hamrahlíðarkórinn syngja, Þjóðdansafélag Reykjavíkur sýnir þjóðbúninga og þjóðdansa. Þá verða haldnar tískusýningar undir stjórn Unnar Arngrímsdóttur, sýndir verða ofnir og prjónaðir kjólar úr batik.

Þetta er í fyrsta sinn, sem Bandalag kvenna í Reykjavík gengst fyrir listiðnaðarsýningu. Fyrr á árum gekkst það fyrir blómasýningu, iðnsýningu, sem haldin var í Miðbæjarskólanum við mjög góðar undirtektir. Þá hefur Bandalagið haldið eina handavinnusýningu og það tók þátt í Reykjavíkursýningunni 1948.

Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað fyrir tæpum 63 árum. Í því eru nú 31 reykvískt félag með um fjórtán þúsund félögum. Það er aðili að Kvenfélagasambandi Íslands.

Fyrir utan að vera tengiliður aðildarfélaganna, þá hefur Bandalagið í áranna röð haft hir margvíslegustu málefni á stefnuskrá sinni. Hér skal drepið á þau helstu, sem unnið hefur verið að hin síðari ár: Áfengismál, málefni barna og aldraðra, heilbrigðismál, kirkjumál, orlofsmál, tryggingarmál, uppeldis- og skólamál, verðlags- og verslunarmál o.fl.

Þá gengst Bandalagið einnig fyrir ráðstefnum og fræðslufundum um ýmiss konar málefni. Má þar til nefna, að árið 1979 gekkst það fyrir ráðstefnu um mataræði skólabarna og varnir gegn vímugjöfum. Í mars n.k. verður haldin ráðstefna um málefni aldraðra.




Margir fagrir kjólar verða á sýningunni

Bandalagið hefur á löngum starfsferli sínum ýmist átt frumkvæði að eða stutt margt það, sem stuðlað hefur að betra og heilbrigðara lífi borgarbúa

Fyrsti formaður Bandalagsins var Steinunn H. Bjarnason, Núverandi formaður er Unnur Ágústsdóttir.

STUÐLA SKILRÚM

Léttur veggur, með stuðlum – hillum skápum og heilum flötum allt eftir þínum þörfum







Stuðlaskilrúm fást í öllum viðartegundum og einnig bæsuð í ýmsum litum

SVERRIR HALLGRÍMSSON

Smíðastofa, Trönuhrauni 5, Sími 51745